

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar



HÓLABORG

HAMINGJA HEILBRIGÐI SJÁLFRÆÐI

Starfsáætlun 2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	Error! Bookmark not defined.
Leiðarljós leikskólans:	Error! Bookmark not defined.
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	Error! Bookmark not defined.
2. Um innra mat í leikskólum	Error! Bookmark not defined.
2.1 Stutt samantekt deildarstjóra Lóudeildar	Error! Bookmark not defined.
2.2 Umbótaþættir á Lóudeild.....	6
2.3 Stutt samantekt deildarstjóra Spóadeildar.....	8
2.4 Umbótaþættir Spóadeildar.....	8
2.5 Stutt samantekt Krummadeildar.....	9
2.6 Umbótaþættir Krummadeildar.....	10
2.7 Matsáætlun.....	11
3. Ytra mat.....	12
4. Greinargerð sérkennslustjóra.....	12
4.1 Umbótaáætlun sérkennslustjóra.....	13
5. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	14
6. Starfspróun og fræðsla.....	14
7. Foreldrasamvinna.....	15
7.1 Foreldrafélag og foreldraráð.....	16
8. Samstarf leik- og grunnskóla.....	16
9. Skipulagsdagar.....	17
10. Fylgigögn.....	17
10.1 Matsgögn.....	18
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	19

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: **Kennum gott með góðu**

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Í febrúar lét Pála Pálsdóttir af störfum sem leikskólastjóri í Hólaborg og ég tók við stöðunni. Það hefur gengið vel að komast inn í störf leikskólastjóra en ég hef þó þurft að læra og tileinka mér ýmislegt sem ég hafði ekki gert áður. Ég hef fengið alla þá aðstoð sem ég hef þurft frá sviðinu, handleiðara mínum Guðrúnu Sólveigu og Pálu. Starfsfólk Hólaborgar hefur verið samstarfsfúst og tekið breytingunum vel. Það var mín ákvörðun að auglýsa ekki eftir aðstoðarleikskólastjóra í tímabundna stöðu en ráða frekar fleira fólk inn á deildar. Þannig taldi ég að stuðla mætti betur að jafnvægi í starfinu á deildunum og draga þannig úr álagi sem óneitanlega eykst við breytingar. Það hefur verið góður stöðugleiki í starfsmannahópnum en þó fóru tveir starfsmenn í fæðingarorlof en eru að koma aftur til starfa með haustinu. Tveir starfsmenn komu til okkar sem hafa unnið hjá okkur áður og í nóvember losnaði staða matræðs í leikskólanum og fengum við nýjan yfirmann eldhúss í hópinn okkar. Hún stendur hollustuvaktina og gefur okkur fjölbreytta og kjarngóða fæðu alla daga og sykurlausar kökur á föstudögum :) Síðastliðinn vetur fór einn starfsmaður á fagnámskeið 1 og 2 hjá eflingu og núna eru fjórir starfsmenn í námi til leikskólakennara en starfa jafnframt í leikskólanum. Við styðjum þær heilshugar við námið sitt.

Samstarfið um nám og vellíðan barnanna hefur gengið vel. Flæði var aukið og þróað áfram og lögð áhersla á ferilmöppur, skráningar og hópastarf. Búin var til verklýsing um það hvernig stuðningi er háttað og fjölmenningarstefna leikskólans var ígrunduð áfram. Könnunaraðferðin var tekin inn í hópastarf og orðaspjall hélt velli. Þá var áhersla á málrækt í öllu starfi og frjálsi leikurinn eflur með áherslu á að gefa honum tíma. Á árinu var Læsisáætlun Hólaborgar kláruð.

Í vetur verður haldið áfram að leggja áherslu á námskrá Hólaborgar, að hún verði sýnileg og eftir henni verði markvisst starfað. Einnig er framundan að innleiða nýja læsisáætlun og aðlaga að hverri deild fyrir sig. Þá verður haldið áfram með vinnu við starfsmannahandbók og móttökuáætlun nýrra starfsmanna og þeirri vinnu verður vonandi lokið næsta vor. Búin verður til ný matsáætlun til þriggja ára sem byggir á Námskrá leikskólans og ábyrgð og hlutverk stjórnendateymis ígrunduð. Áætlað er að endurmeta sjálfræði, samskiptastefnu Hólaborgar og símenntun starfsfólks.


Í vetur verður einnig sérstök áhersla á að þetta barnahópin á elstu deild leikskólans. Þannig að hópar fari meira út af deildinni og kynnist nánasta umhverfi leikskólans og upplifi saman. Þar verður lögð áhersla á samkennd í hópnum og um leið sérkenni hvers og eins. Markmiðið er að læra að tileinka sér velvilja til sjálfs síns og annarra.

Þá hefur verið ákveðið að þema starfsins á þessari önn verði „heilsa og heilbrigði“ hjá eldri deildum en á yngstu deild verður haldið áfram með „Ég sjálf(ur).“

2. Um innra mat í leikskólum

Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Í Hólaborg er mat á námi og velferð barna unnið á margvíslegan hátt, þar á meðal er notast við uppeldisfræðilegar skráningar, matsblöð, rýnihópar og samtöl. Ávallt er það sjónarmið haft að leiðarljósi að barnið er hæfileikaríkt og að hæfileikar þess fái að njóta sín í leikskólanum.

- Leikur barna er mikilvægasti vettvangur innra mats. Þar fer fram mat á námi og velferð barna, styrkleikum þeirra og hæfni.
- Matið er umbótamiðað og felast úrbæturnar í því að aðlaga námsumhverfið og námsaðferðir að þörfum barnsins en ekki barnið að þörfum leikskólans.
- Innra mat er samofið daglegu starfi leikskólans og eflir þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu.
- Börnin eiga að fá tækifæri til að hlusta og meta hugmyndir annarra og hafa þannig áhrif á leikskólastarfið.
- Börnin eiga að fá hvatningu og tíma til að hugsa og að geta treyst því að á þau sé hlustað og að skoðanir þeirra skipti máli.

Á liðnum vetri var farið eftir matsáætlun Hólaborgar eins og við var komið. Það sem var metið var: Hamingjumarkmið, leikmarkmið, flæði, söngfundir, Kennum gott með góðu, ferilmöppur og útskrift elstu barna.

2.1 Stutt samantekt deildarstjóra Lóudeildar

Aðlögun á haustönn dróst á langinn vegna veikinda og fjarveru barna í aðlögunarhópnum. Það tók þar af leiðandi langan tíma fyrir deildina að sinna aðlögun en gekk vel. Einnig komu tvö ný börn inn í nóvember og önnur tvö í apríl og þær aðlaganir gengu einnig vel.

Í upphafi skólaársins einbeittum við okkur að því að kynnast börnum og foreldrum og lögðum mikla áherslu á að börnin yrðu örugg í leikskólanum og gætu verið þau sjálf. Í október byrjuðum við hópastarf þrisvar sinnum í viku og eftir áramót settum við hreyfistund þar inn.

Aldursbil barnanna á deildinni var mjög breitt. Yngstu börn fædd 2017 og elstu 2014. Þar af leiðandi voru ólíkar þarfir í hópnum. Í hópastarfinu var unnið með þemu leikskólans sem voru „ég sjálf/ur og fjölskyldan mín“ fyrir áramót og „náttúran“ eftir áramót. Með eldri börnunum var unnið með könnunaraðferðina og gerð ýmis verkefni sem spruttu upp í samræðum. Þau lærðu um líkamann, hesta, fylgdust með tréi lafgast og gróðursettu fræ. Yngri börnin voru í könnunarleiknum og í frjálsum leik að læra samhliða leik og samleik með öðrum börnum.

Í hreyfistundum var annað hvort hreyfing innan leikskólans eða gönguferðir utan leikskólans. Frjálsi leikurinn fékk að njóta sín í vetur og börnin mjög virk í leik bæði inni og úti. Lestrarstundir voru einu sinni á dag og börnunum skipt eftir aldri svo allir gætu fengið lestur og örvun við sitt hæfi. Elstu börnin fengu einnig að fara í bókasafnsferðir með Spóadeild. Verkefnum leikskólans „Bókin að heiman“ og „Bókin heim“ voru á árinu og féllu í góðan farveg. Á deildinni er lögð áhersla á að vera með málrækt í daglegu starfi. Gefinn tími til að sinna daglegum þörfum hvers og eins án nokkurs asa. Þá er tími gefin til að læra sjálfræði, hvort sem er við matarborðið, í fataherbergi eða annar staðar. Börnin hafa verið að æfa sig í að hlusta og fylgjast með og að fara út af deildinni og taka þátt í „flæði“.

Í foreldrasamtölum að hausti og vori kom fram að foreldrar væru ánægðir með starfið.

Baldvina Björk

2.2 Umbótaþættir á Lóudeild

Umbótaþættir Lóudeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Leikurinn	Að eldri börnin fái viðfangs-efni við hæfi	Finna meiri krefjandi og fjölbreyttari efnivið og gefa börnum rými og tíma til þess að nota efnivið sem hentar þeirra þroska	Allt árið	Deildarstjóri/allt starfsfólk	Rýnihópar	Hugfangin börn í leik og starfi
Leikskráningar	Að öll börn eigi leikskráningar	Grípa tækifærin þegar þau gefast. Gera skipulag fyrir hvern mánuð og gera starfsfólk ábyrgt fyrir ákveðnum skráningum	Allt árið	Deildarstjóri/allt starfsfólk	Rýnihópar	Leikskráningar í ferilmöppum allra barnanna á deildinni
Frjáls leikur	Að starfsfólk taki þátt í leikjum til að aðstoða börnin við að þróa leikinn og kveiki á hugmyndum	Með því að vera á gólfinu með börnunum og fylgjast með leiknum þeirra, taka virkan þátt og aðstoða þau og bæta við leikinn	Allt árið	Deildarstjóri/allt starfsfólk	Rýnihópar	
Hamingja	Að börn upplifi gildi þess að gefa og þiggja og skilji hvað felst í þakklæti	Þjóða gjörið svo vel við matarborð og þakka fyrir sig, kenna þeim að biðja um hjálp og þakka fyrir, deila leikföngum	Allt árið	Deildarstjóri/allt starfsfólk	Rýnihópar/skráningar	Ánægð og kappsöm börn

2.3 Stutt samantekt Spóadeildar

Í haust fengum við kynningu á könnunaraðferðinni á starfsdegi og innleiddum þá aðferð í hópastarfið í vetur. Á haustönn vorum við að vinna með þemað „líkaminn“ og fórum svo að vinna með „náttúruna“ á vorönn.

Frjálsi leikurinn fékk að njóta sín og skiptum við börnunum í litla leikhópa. Lestrarstundir voru á hverjum degi, einnig í litlum hópum. Við notuðum orðaspjallsaðferðina samhliða lestrarstundum. Farið var í gönguferðir reglulega og í bókasafnsferðir einu sinni í mánuði en þar fengum við sögustund. Verkefni leikskólans „Bókin heim“ og „Bókin að heiman“ var markvisst sinnt.

Í vetur vorum við með hlutverk fyrir börnin sem þau skiptust á að sinna tvö saman í einu. Þau voru, umsjónarmenn, snyrtimeistarar, bókaormar og endurvinnarar. Þannig æfðu þau samvinnu, ábyrgð og þátttöku í daglegum störfum auk þess sem þetta er eflandi fyrir læsi. Á deildinni var mikil áhersla á að börnin gerðu sjálf eins og þau geta og það var sérstakt átak við að klæða sig sjálfur. Einnig var lögð áhersla á að nota orðin sín þegar börnunum vantaði aðstoð eða hlustun.

Öll börn eiga sína ferilmöppu og þær voru gerðar aðgengilegar fyrir börnin. Þannig hafa þau tækifæri til að skoða skráningar og vinnu sína. Það var farið víða í vettvangsferðir í vetur svo sem göngu- og strætóferðir og heimsóttum ýmsa staði bæði til fróðleiks og skemmtunar.

Dóra og Sigga

2.4 Umbótaáætlun Spóadeildar

Um- bóta- þættir Spóa- deild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ham- ingja	Að börnin skilji hugtakið þakklæti og tillitsemi	Nota þessi orð við raunverulegar aðstæður í daglegum sam skiptum. Nota orðaspjall við lestur þar sem þessi orð koma fram	Allt árið	Allt starfsfólk deildar	Skráningar og rýnihópar	Um helmingur eða eldri hópur deildarinnar skilji og sýni öðrum börnum tillitsemi og þakklæti
Leikur	Að öll börnin njóti sín í frjálsum leik	Gefa frjálsum leik tíma og gefa tækifæri til að halda áfram í leik í stað útiveru eða halda	Allt árið	Allt starfsfólk deildar	Skráningar og rýnihópar	Áhugasöm börn

Innleik- skráningar		áfram eftir matmálstíma. Að ekki þurfi endilega að taka til				
	Að bæta og fjölga innleikskráningum	Grípum tækifærið þegar það gefst. Sköpum aðstæður fyrir innleikskráningu. Gera starfsfólk ábyrgt fyrir skráningum. Litlir hópar eru inni á meðan aðrir eru úti	Allt árið	Allt starfsfólk deildar	Skráningar	Að öll börn eigi innleikskráningu

2.5 Stutt samantekt Krummadeildar

„Ég sjálf(ur)“ var þema deildarinnar á haustönn. Notuð var könnunaraðferðin svo margt bar á góma en aðaláhersla var lögð á líkamsskynjun, næringu, fæðuöflun, fjölskyldu, afmælisdaga, heimilisfang, klæðnað og veðurfar.

Á vorönn var fjallað um náttúruna. Þannig að árstíðaskipti, veðurfar og klæðnaður voru áfram til umræðu. Jafnframt var gróðurfari dýra- fugla- og sjávarlífi gerð góð skil.

Endurvinnsla og sóun, samvinna og tillitsemi eru hugtök sem lögð var áhersla á að börnin skildu.

Skapandi starf var samtvinnuð þemavinnunni, bæði í hópum og frjálsum verkefnum. Svo og bókmenntir, söngvar og málrækt. Sífellt er unnið með form og liti, fínhreyfingar, stærðarhugtök, bók- og tölustafi.

Í öllu starfi deildarinnar er unnið með félagsþroska og sjálfsmynd ekki síst í frjálsa leiknum.

Hlutverk barnanna eins og umsjónarmaður og bókaormur voru á sínum stað. Farið var í vettvangsferðir og tekið þátt í barnamenningarhátíð. Áhersla var á leshópa og myndsköpun og bókarverkefni voru á sínum stað. Frjálsi leikurinn fékk mikinn tíma og mikil og góð vinatengsl mynduðust í hópnum um veturinn.

Árný Birna

2.6 Umbótaáætlun Krummadeildar

Umbóta- þættir Krummad eild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hamingja	<p>Auka einbeitingu í leiknum og við ýmsa verkefnavinnu.</p> <p>Auka möguleika á vinnufrið</p> <p>Að öllum finnist þeir vera öruggir</p>	<p>Skipuleggja rými betur og fækka börnum í hópum.</p> <p>Skipuleggja hópastarf betur</p> <p>Ýmsir leikir sem efla félagsþroska</p> <p>Dagskipulag sýnilegt, hlutverkskipulag sýnilegt. Virk hlustun</p>	Allt árið og lokið vor 2019	Starfsfólk deildarinnar í samstarfi við leikskólastjóra	Með skráningum og á deildarfundum Einstaklings-áætlanir sem fylgja hverju barni. Skráningar og deildarfundir	Að börnin séu hugfangin og líði vel og hvíli vel í sjálfu sér
Leikur	Að allir hafi gott svigrúm til leiks og í skapandi starfi	Eftirfylgni í frjálsum leik og skapandi starfi. Börnin velji sjálf hvað þau vilja gera.	Alltaf	Starfsfólk deildar og leikskólastjóri	Símat, á deildarfundum í samtali við foreldra, starfsmannafundum og deildarstjórafundum	Fylgjast með og meta hvort öllum í hópnum líði vel og allir taki framförum í öllum þroskaþáttum

2.7 Matsáætlun

Matsáætlun Leikskólaárið 2018-2019		Áhersluþættir: Sjálfræði, Hlutverk og ábyrgð stjórnendateymis, Símenntun og fræðsla, Samskiptastefna		
Hvað	Hvenær	Hvernig	Hverjir	Ábyrgur
Sjálfræði	Gögnum safnað allt árið og samantekt á deildarfundum og starfsmannafundum og í lok annar	Skráningar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk og börn	Deildarstjórar
Hlutverk og ábyrgð stjórnendateymis	Janúar-Febrúar	Ígrundunarhópur stjórnendateymis	Stjórnendateymi	Leikskólastjóri
Símenntun starfsfólks	Janúar	Spurningalistar/munnlegt mat á fundum	Allt starfsfólk	Deildarstjórar og leikskólastjóri
Fræðsla til starfsfólks	Október	Spurningalistar/munnlegt mat á fundum	Deildarstjórar	Leikskólastjóri
Samskiptastefna	Gögnum safnað allt árið og samantekt á fundum	Spurningalistar/munnlegt mat á fundum/skráningar	Börn, allt starfsfólk og foreldrar	Deildarstjórar



3. Ytra mat

Ekkert ytra mat var gert í Hólaborg á árinu.

4. Greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Málörvun fer fram í öllu starfi leikskólans. Þegar grunur vaknar um seinkun í málþroska er rætt við foreldra og lagðar fyrir skimanir t.d. Efi-2, Íslenski máhljóðamælirinn og Íslenski þroskalistinn. Sérkennslustjóri sér um að fylla út tilvísanir og beiðnir í samráði við deildarstjóra og foreldra.

Unnið hefur verið með „10 mínútna regluna“, þá fá þau börn sem þess þurfa 10 mínútna gæðatíma á dag með hverjum starfsmanni deildarinnar. Ef grunur vaknar um frávík í þroska hafa deildarstjórar rætt við sérkennslustjóra og fyllt út eyðublað með lýsingum á helstu áhyggjum og hvaða úrræðum hefur verið beitt á deildinni. Sérkennslustjóri fylgist með barninu í mismunandi aðstæðum og ákveður svo næstu skref í samráði við deildarstjóra.

Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámskrár fyrir börnin sem hafa stuðning í samvinnu við stuðningsaðila og deildarstjóra. Unnið er eftir þeim á deildum og eiga allir starfsmenn að taka þátt í því. Einnig er unnið einstaklingslega, eða í litlum hópi, með ákveðna þætti þegar þess þarf og sjá stuðningsaðilar um það. Stuðst er við „Aeps“ lista við gerð einstaklingsnámskráa flestra barna sem njóta stuðnings. Einnig hefur verið unnið eftir leiðbeiningum frá hegðunarráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingum með ákveðnum börnum.

Sérkennslustjóri hefur aðstoðað foreldra við að skrá börn hjá talmeinafræðingum og í sumum tilvikum verið milligöngumaður á milli talmeinafræðinga og foreldra. Sérkennslustjóri hefur veitt foreldrum fræðslu um málörvun, hegðunarvanda, kvíða o.fl. bæði á teymisfundum, í foreldrasamtölum og í daglegu starfi.

Við höfum átt samvinnu við sálfræðinga, sérkennsluráðgjafa og hegðunarráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Einnig við ráðgjafa hjá Miðju máls og læsis og talmeinafræðinga, bæði sjálfstætt starfandi og verktaka hjá Þjónustumiðstöðinni. Einnig

hefur verið samstarf við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Sérkennslustjóri sá um skilafundi í 3 grunnskóla í vor.

Sérkennslustjóri hefur veitt ráðgjöf til starfsmanna vegna einstakra barna t.d. á deildarfundum. Sálfræðingur hefur einnig setið deildarfundum vegna barna þegar þess er þörf og situr sérkennslustjóri þá fundi líka og sér svo um að ákvörðunum sé fylgt eftir. Sérkennslustjóri hefur útbúið verkefni, gert einstaklingsáætlanir í samráði við deildarstjóra og stuðningsaðila og veitt leiðbeiningar um hvernig þjálfun hentar best.

Sérkennslustjóri sinnir starfi á deildum þegar þarf og leiðbeinir starfsfólki þegar þess er þörf. Áður en stuðningsaðilar koma að barni er farið yfir þær upplýsingar sem til eru um barnið, t.d. skýrslur frá sálfræðingum og talmeinafræðingum og sérkennslustjóri hjálpar stuðningsaðilum af stað í vinnu með barninu. Teymisfundir eru haldnir á 6-8 vikna fresti fyrir þau börn sem njóta stuðnings. Veturinn 2017-2018 nutu fjögur börn stuðnings í Hólaborg. Fimm starfsmenn sinntu stuðningnum.

4.1 Umbótaáætlun sérkennslustjóra

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat ; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Aðgengi og frágangur á efnivið/kennslugögnum í miðrymi	Að auðvelt sé fyrir starfsmenn að nálgast efnivið og ganga frá þeim aftur.	Myndir af geymslusvæðum. Flokka og merkja efni/kennslugögn og finna þeim sinn stað. Könnun meðal starfsmanna um hvaða efnivið vantar. Kynnt fyrir starfsmönnum.	Sept.-des.	Sérkennslustjóri	Í jan. Spurninga könnun meðal starfsmanna. Ljósmyndir af geymslusvæðum þær bornar saman við fyrri myndir.	Allt starfsfólk viti um og geti gengið að náms-efni

5. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Hólaborg er lögð áhersla á að fjölmening sé órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins og fellur undir mannréttindi. Í leikskólanum eiga öll börnin að upplifa lýðræði og jöfnuð. Við allar ákvarðanatökur er spurningin „hvað er best fyrir barnið“ sett fram með tilliti til hvers og eins. Í málræktarmarkmiðum Hólaborgar kemur fram að öll börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér virkt tvítyngi og öðlist þannig færni í að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku. Starfsfólkið nýtir öll tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að kenna ný orð og hugtök og efla málvitund barnanna.

Í Hólaborg eru leikskólastjóri, sérkennslustjóri og stuðningur við fjölmeningu helstu tengiliðir í fjölbreytilegu starfi leikskólans. Þá er áhersla á að allt starfsfólk tileinki sér fordómaleysi og menningarläsi í daglegum samskiptum við börn foreldra og samstarfsfólk. Börnin eru hvött til að nota meðal annars ýmis hljóð, snertingu, látbragð, myndlist, tónlist, dans og leikræna tjáningu. Höfum gott aðgengi að bókum, les- og myndmál sýnilegt, læsishvetjandi verkefni fyrir alla og orðaspjall í litlum hópum. Menningarmót eru haldin reglulega.

Ráðgjafar um fræðslu og símenntun til starfsmanna er að mestu leitað til sviðsins auk þess sem við hvetjum til áhuga og samræðna um menningu og ólík tungumál. Til að fylgjast með framförum barnanna er notast við Efi2, TRAS, Hljóm-2 og “Einn leikskóli mörg tungumál”.

6. Starfsþróun og fræðsla

Starfsþróunar samtöl hafa ekki verið á þessu ári og stendur til að bæta úr því í september. og svo aftur í mars

Símenntun á síðasta ári

- Einn starfsmaður lauk fagnámskeiði 1 og 2 hjá Eflingu
- Öryggistrúnaðarmaður og öryggisfulltrúi sóttu námskeið hjá vinnueftirlitinu
- Nýir starfsmenn fengu nýliðafræðslu frá MML
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sóttu námskeið um innra mat
- Deildastjóri yngstu deildar sótti námskeið um yngstu börnin
- Deildastjórar eldri deilda sóttu námskeið um mál og læsi fjöltyngdra barna
- Leikskólastjóri fór á námskeið um hagnýtar leiðir við stjórnun.
- Sérkennslustjóri sótti námskeið um Mál færni
- Deildastjóri elstu deildar fór á námskeið um „Apes“ listann
- Deildarstjórar eldri deilda fóru á námskeið um „TRAS“
- Eflingarstarfsmenn sóttu námskeiðið „Mitt allra besta“
- Allt starfsfólk fór á Breiðholtsbylgjuna
- Mótun menntastefnu - Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Ráðstefna um www- Leikskólastjóri aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri
- Book creator I. - 3 starfsmenn eldri deilda
- Fengin var fræðsla inn á deildir frá MML

- Fenginn var stuðningur og ráðgjöf hegðunarráðgjafa frá Þjónustumiðstöð
- Leikskólaráðgjafi var með fræðslu um skapandi umhverfi
- Könnunaraðferðin fyrir allt starfsfólk
- Tveir starfsmenn sóttu námskeið um sykursýki barna hjá barnaspítalanum

7. Foreldrasamvinna

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili leikskólans og framlag þeirra vegur þungt. Allar fjölskyldur eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börnin sín svo þeir geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu. Fjölskyldan hefur mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku. Þau samskipti sem vega hvað þyngst eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann og í foreldrasamtölum við deildarstjóra.

Mikilvægt er að leita lausna í samskiptum á milli fjölskyldna sem ekki eiga sameiginlegt tungumál og stuðla að auknum samskiptum þeirra á milli og þannig auka skilning á mögulegum menningarmun. Lögð er áhersla á opin samskipti dagsdaglega, hlustum á skoðanir foreldra, hvetjum til þátttöku í innra mati. Upplýsingar fara á heimasíðu leikskólans, í tölvupósti, með símtölum, túlkajónustu og notkun samskiptabóka. Sameiginlegir fræðslufundir og upplifanir og sameiginlegar samskiptareglur við fjölskyldur og myndir á heimasíðu og veggjum.

Upplýsingar og auglýsingar fara einnig á hurðir á þeim tungumálum sem leikskólinn hefur burði til að setja fram hverju sinni. Í starfsmannahóp Hólaborgar eru tvítyngdir starfsmenn sem deila sömu tungumálum með nokkrum börnum í leikskólanum. Það hefur eflt móðurmál þeirra barna og oft auðveldað samskipti við foreldra. Má þá helst nefna pólsku. Í námskrá Hólaborgar koma fram málræktarmarkmið leikskólans og leiðir. Starfað er eftir handbók um foreldrasamstarf.

Áður en aðlögun hefst er foreldrum og barni boðið í fyrstu kynni. Þar fá þau tækifæri til að hitta þá sem koma til með að vera með barninu og starfsfólk getur fengið fyrstu upplýsingar um barnið eins og áhugasvið. Foreldrar velja hvort fyrstu kynni fara fram á heimili barnsins eða í leikskólanum. Þeir fá afhentan bæklinginn „Velkomin í leikskólann“, hagnýtar upplýsingar um leikskólann og upplýsingar um dagskipulag Hólaborgar.

Í Hólaborg er þátttökuaðlögun, þá eru foreldrar með barninu sínu fyrstu þrjá dagana og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólki með foreldrum sínum og saman öðlast þau traust. Foreldrar kynna barnið fyrir starfsfólki leikskólans og sýnir því hvernig það hefur hagað hlutunum og segir frá styrkleikum barnsins og þörfum. Ef fleira en eitt barn er í aðlögun í einu kynnast foreldrar hvor öðrum og öðlast sameiginlega reynslu. Á fjórða degi kveður foreldri barnið sitt og næstu dagar eru mögulega í styttra lagi, allt eftir líðan barnsins.

7.1 Foreldrafélag og foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráð sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist á sex til átta vikna fresti allan veturinn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið á bændingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni. Hlutverk foreldraráðs er að gefa skóla og frístundasviði umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu og fjallar ekki um málefni einstakra barna.

- Foreldrafundur er í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið kynnt.
- Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í annað þeirra.
- Haust-foreldrasamtöl eru á öllum deildum í okt. og nóv. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsáætlun og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir TRAS, Efi 2 og Hljóm 2 þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns.
- Vor-foreldrasamtöl eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Þá er lögð áhersla á að foreldrar allra barna komi. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins.
- Vor-foreldrasamtöl fyrir elsta árganginn er í maí. Farið er yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla.
- Foreldrafélag er starfandi í Hólaborg. Þeir foreldrar sem velja vera í foreldrafélaginu borga ákveðna upphæð á ári og foreldrafélagið býður börnunum upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann. Fastir viðburðir hafa verið sveitaferð, glaðningur frá jólasveini, jólasveinn á jólaball, leikhús og hoppukastalar. Lögð er áhersla á að nota þá peninga sem safnast í uppákomur fyrir þau börn sem eru í leikskólanum en ekki safna þeim í sjóð. Foreldrafélagið er með læsta facebook-síðu og þar kemur fram ýmislegt sem er á dagskrá og bryddað upp á umræðuefnum. Einnig hefur leikskólinn notað síðuna til að setja inn skoðanakannanir og spurt foreldra álits. Sem dæmi á afmælisreglum, heimasíðu og litadögum.

8. Samstarf leik- og grunnskóla

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna sem eru í Hólaborg og samstarfsskóli okkar. Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum. Elstu börnin fara í heimsóknir í kennslustundir, frímínútur og í íþróttahúsið. Leikskólinn fær svo einnig heimsóknir grunnskólabarna í gamla leikskólann sinn. Að vori er svokallaður skilafundur þar sem deildastjóri elstu barna fer og hittir kennara fyrsta bekkjar og þar eru ræddar þarfir og

staða barnanna í þroska, áhugasvið og styrkleikar koma fram ásamt niðurstöðum úr skimunum.

Áætluð samstarfsverkefni með Hólabrekkuskóla næsta vetur :

- Nemendur úr Hólabrekkuskóla koma inn í leikskólann á degi íslenskrar tungu og lesa fyrir leikskólabörnin
- Í grunnskólanum verði valgrein um að koma inn í leikskólann og starfa með leikskólabörnunum.
- Ljóðaverkefni í tengslum við barnamenningarhátíð

Leikskólar og grunnskólar efra Breiðholts eru með 3 sameiginlega starfsdaga á ári

9. Skipulagsdagar.

14. sept.

5.okt. - Sami og grunnskóli.

23. nóv.

2. jan. - Sami og grunnskóli.

18. mars - Sami og grunnskóli.

31. maí

Áætlun um fræðslu og símenntun á starfsdögum

- Fræðsla um kennslufræðilegan leik
- Fræðsla um tengslamyndun.
- Fræðsla um endurmat fyrir allt starfsfólk
- Skyndihjálparnámskeið
- Lubbanámskeið
- Kynning á LAP (Linguistically Appropriate Practice) og Próunarverkefninu “Töfrandi tungumál”.

10. Fylgigögn

Matsgögn,

leikskóladagatal

Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2018 – 2019

Hólaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Erla Agnes Álfhildardóttir

Linda Pétursdóttir

Þórunn Sif Guðlaugsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Að mati foreldraráðs kemur allt fram í starfsáætlun Hólaborgar sem þar á að vera fyrir utan ytra mat sem ekki var gert að þessu sinni. Okkur hugnast vel uppsetning starfsáætlunarinnar og má þar sérstaklega nefna umbótaáætlanir hvernar deildar og sérkennslustjóra. Þær eru skýrar og auðlesnar og ættu að vera gott og auðskilið vinnuskjal til að framfylgja.

Ákvörðun leikskólastjóra um að ráða ekki aðstoðarleikskólastjóra (eins og staðan liggur fyrir í dag) sýnir hversu næm hún er á þarfir starfsmanna leikskólans, með þessari hagræðingu er einnig hlúið að nemendum Hólaborgar og þörfum þeirra. Þó finnst okkur athugasemdir sú staða sem leikskólastjóri Hólaborgar er sett í, Reykjavíkurborg þarf að vera skýrari hvað varðar áform sín.

Formið sem notast er við innra mat er ítarlegt og skilvirkt. Innra mat er gífurlega mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og því teljum við að þetta form muni tvímælaust stuðla að bættu skólastarfi og hjálpa kennurum að gera þá vinnu, sem hefur farið fram, sýnilegri.

Starfsfólk nýtir tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla málvitund barnanna, margir nemendur Hólaborgar eru með annað móðurmál en íslensku og því er sérstaklega mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um þessi námstækifæri. Lögð er áhersla á að erlendir nemendur þrói með sér virkt tvítyngi og efla þannig bæði móðurmál sitt og íslensku. Menningarmót eru haldin reglulega, þau eru skemmtilegt námstækifæri fyrir nemendur. Nemendum gefst tækifæri á að kynna sína menningu fyrir vinum og kennurum þannig hjálpum við þeim að styrkja sjálfmynd sína í vernduðu umhverfi innan veggja skólans. Menningarmótin eru að mínu mati gífurlega mikilvæg fyrir leikskóla sem er eins ríkur af menningu eins og Hólaborg.

Það hefur verið góður stöðugleiki í starfsmannahópnum sem er mjög jákvætt. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi sem er há prósentu á litlum leikskóla líkt og Hólaborg, einnig ber að nefna að einn starfsmaður fór á fagnámskeið hjá Eflingu. Starfsfólk Hólaborgar sat fjöldann allan af námskeiðum í ár, einnig var fengin ráðgjöf og fræðsla inná leikskólann frá hinum ýmsu fagaðilum og stofnunum. Það má því vissulega segja að faglegt starf sé í hávegum haft á Hólaborg.

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: Hólaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M Bókin að heiman	1 F	1 L	1 Þ Nýársdagur	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F Bókin heim/	2 S	2 M Starfsdagur	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M Útilist./sýning	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F Starfsdagur	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F Menningarmót	5 S	5 M	5 F
6 M	6 F Aðlögun	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M Öskudagur	6 L	6 M	6 F Útskriftarferð	6 L
7 Þ	7 F Söngfundur	7 S	7 M	7 F Náttfatadagur	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F Útskrift	7 S
8 M	8 L Dagur læsis	8 M	8 F Blár dagur/Einelti	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F Foreldrasamtöl	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F Sveitafaerð	10 M	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F Rugldagur ;)	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F Bleikur dagur	12 M Foreldrasamtöl	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F Gulur dagur	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F Grænn dagur	13 L	13 Þ Foreldrasamtöl	13 F Smákökuboð	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F Starfsdagur	14 S	14 M	14 F Jólabball	14 M	14 F	14 F Bókin að heiman	14 S	14 Þ	14 F Doppóttur dagur	14 S
15 M	15 L	15 M Foreldrasamtöl	15 F	15 L	15 Þ	15 F Stelpukaffi	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S	16 Þ Foreldrasamtöl	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F Röndóttur dagur	17 M	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F Strákakaffi	18 M	18 M Starfsdagur	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F Dótadagur	21 M	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 F Sumarhátíð	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F Dótadagur	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 F Aðlögun	23 S	23 Þ	23 F Starfsdagur	23 S	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F Dótadagur	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F Foreldrasamtöl	25 S	25 Þ	25 F Dótadagur	25 M	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M Foreldrafundur	26 F Foreldrasamtöl/ Dótadagur	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F Dótadagur	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Alp.bangsadagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F Dótadagur	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F Dótadagur	28 S
29 M	29 L	29 M Foreldrasamtöl	29 F	29 L	29 Þ		29 F Dótadagur	29 M Bókin heim	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ Foreldrasamtöl	30 F Dótadagur	30 S	30 M		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F Dótadagur		31 M		31 M	31 F		31 S		31 F Starfsdagur		31 M